

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1978.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og héraðslæknum ber að greiða fyrir árið 1978, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur		kr. 80 000
II. flokkur		— 68 000
III. flokkur		— 56 000
IV. flokkur		— 42 000
V. flokkur		— 30 000

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar
Apótek Keflavíkur
Laugavegs Apótek
- III. flokkur: Akureyrar Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Stjörnu Apótek
Vesturbæjar Apótek
- IV. flokkur: Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Háaleitis Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Kópavogs Apótek
Laugarness Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek
- V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Apótek Blönduóss
Árbæjar Apótek
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Hafnar Apótek
Nes Apótek. Neskaupstað
Patreks Apótek
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Stykkishólms Apótek
Ölfus Apótek, Hveragerði.

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins

Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.

Lyfjaverslun ríkisins

Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.

Hermes sf.

Pharmaco hf.

III. flokkur: Farmasia hf.

H. Ólafsson & Bernhöft

Lyf sf.

5. gr.

Héraðslæknar, sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús samkvæmt V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisfóhirðis fyrir 15. október 1978. Gjaldið er lögfakskræft.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júlí 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING

um endurnýjun skotvopnaleyfa og leyfa til þess að mega versla með skotvopn og skotfæri.

Samkvæmt heimild í 5. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, er frestur til endurnýjunar skotvopnaleyfa og leyfa til þess að versla með skotvopn og skotfæri samkvæmt 1. og 7. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 16/1978 um skotvopn og skotfæri framlengdur til 31. desember 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. júní 1978.

F. h. r.

Baldur Möller.

Þorleifur Pálsson.